

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**165. fundur – 24. október 2011**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 24. október 2011. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Jón Bjarni Þorsteinsson boðaði forföll. Í hans stað mætti Ingibjörg Hauksdóttir.

Fundargerð 164. fundar heilbrigðisnefndar frá 26. september 2011 lögð fram.

**1 Fundargerð 143. starfsmannafundar frá 17. október 2011**

**1.1 Starfsleyfi**

**Garðabær**

1.1.1 Garðatorg 1, Garðabær - verslun

Lögð fram umsókn Eiríks Sigurðssonar f.h. Víðis ehf., kt. 450808-1050, dags. 11.10.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar að Garðatorgi 1, Garðabæ.

Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.2 Holtsbúð 87, Garðabær - fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Hrafnhildar Hjálmarsdóttur, kt. 280865-5679, dags. 19.09.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu í hjúkrunarheimilinu Holtsbúð 87, Garðabæ.

Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.3 Línakur 2, Garðabær - leikskóli

Lögð fram umsókn Sigrúnar Sigurðardóttur f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags.

19.09.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskólans Akra að Línakri 2, Garðabæ.

Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**Hafnarfjörður**

1.1.4 Eyrartröð 13 og 13a, Hafnarfjörður - fiskverkun

Lögð fram umsókn Aðalsteins Finsen f.h. Tor ehf., kt. 471195-2009, dags. 23.09.2011, þar

sem sótt er um leyfi til fiskverkunar að Eyrartröð 13, Hafnarfirði. Húshluti: Allt húsið. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.5 Eyrartröð 18, Hafnarfjörður - saltfiskverkun

Lögð fram umsókn Helga Kristjánssonar f.h. Fiskverkunarinnar Bjargar ehf., kt. 580298-2579,

dags. 22.09.2011, þar sem sótt er um leyfi til fiskverkunar að Eyrartröð 18, Hafnarfirði.

Húshluti: allt húsið. Endurnýjun

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.6 Hjallahraun 4, Hafnarfjörður - smurstöð

Lögð fram umsókn Ingvars Ö. Karlssonar, f.h. Lipurðar ehf., kt. 701000-2770, dags.

27.09.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs smurstöðvar og verkstæðis að Hjallahrauni 4,

Hafnarfirði. Húshluti: 01 0103. Endurnýjun

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að olúgildru verði komið fyrir á fráveitu innan 6 mánaða.

1.1.7 Hjallabraut 55, Hafnarfjörður - grunnskóli

Lögð fram umsókn Söru Daggar Jónsdóttur, f.h. Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039, dags. 5.10.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla án mótuneytis í nýju húsi að Hjallabraut 55, Hafnarfirði. Húshluti: 1. hæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.8 Kaplahraun 11, Hafnarfjörður - bílapartasala

Lögð fram umsókn Antons L. Ingvasonar, f.h. Bílabúsins ehf., kt. 560407-1300, dags. 4.10.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílapartasölu að Kaplahrauni 11, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt að auglýsa starfsleyfis til 12 ára.

1.1.9 Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfjörður – bílapvottastöð

Lögð fram að nýju umsókn Helga G. Sigurðssonar f.h. Bílapvottastöðvarinnar Löðurs ehf. kt. 630787-1659, dags. 24.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílapvottastöðvar að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Fyrir liggur kvörtunarbréf frá nágrönnum dags. 17.2, 27.6 og 12.08.2011 og greinargerð frá Bílapvottastöðinni Löðri ehf. dags 24.08.2011.

Lagt fram erindi umsækjanda frá 17. október 2011 þar sem óskað er eftir fresti til að skila inn umbeðnum gögnum.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem fullnægjandi upplýsingar fyrir auglýsingu á starfsleyfi liggja ekki fyrir.

### Kópavogur

1.1.10 Aðalþing 10a, Kópavogur - daggæsla

Lögð fram umsókn Hólmfríðar Jensdóttur kt. 220773-4429, dags. 6.10.2011, þar sem sótt er um leyfi til daggæslu fyrir allt að 10 börn á heimili sínu að Aðalþingi 10a, Kópavogi.

Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.11 Akralind 8, Kópavogur - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Bylgju Daggar Sigurðardóttur f.h. E- funi slf, (Knox snyrtistofa – naglaskóli) kt. 660510-0280, dags. 12.10.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu og naglaskóla að Akralindi 8, Kópavogi. Húshluti: á annari hæð. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.12 Bakkabraut 6, Kópavogur - fiskbúð

Lögð fram umsókn Lindu Jörundsdóttur f.h. Sælindar ehf kt. 550502-8870 dags. 4.10.2011, þar sem sótt er um leyfi til fiskisölu að Bakkabraut 6, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem húsnæði er ekki tilbúið til úttektar.

1.1.13 Dalsmári 21, Kópavogur - leikskóli

Lögð fram umsókn Maríönnu G. Einarsdóttur f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759, dags. 22.09.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Dalsmára 21, Kópavogi.

Húshluti: allt húsið. Eigendaskipti og yfirtaka á starfsleyfi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er endurútgáfa starfsleyfis til 24.08.2020 samþykkt.

1.1.14 Hamraborg 11, Kópavogur - tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Ægis Rafns Ingólfssonar f.h. Ósmanns slf., kt.691010-0660, dags. 26.09.2011, þar sem sótt er um leyfi reksturs tannlæknastofu að Hamraborg 11, Kópavogi.

Húshluti:01 0203. Endurnýjun

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.15 Nýbýlavegur 10, Kópavogur – bifreiða- og sprautunarverkstæði

Lögð fram umsókn Auðuns Hilmarssonar, f.h. Bílasprautun og réttingar Auðuns ehf., kt. 540868-0189 dags. 23.09.2011, þar sem sótt er um leyfi til rekstrar bifreiða- og sprautunarverkstæðis að Nýbýlavegi 10, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.16 Smiðjuvegur 28, Kópavogur - dekkjaverkstæði

Lögð fram umsókn Rúnars Grétarssonar f.h. Vetnis ehf. (Vöku bílaþjónustu), kt. 640811-0480, dags. 23.09.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dekkjaverkstæðis að Smiðjuvegi 28, Kópavogi. Húshluti: 01 0201. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

## 1.2 Umsagnir

### Álftanes

1.2.1 Hliðsvegur 1, Álftanes, veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 6.10.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Boga Jónssonar, f.h. Uppistaða ehf., 610303 3070, þar sem sótt er um rekstrarleyfi í flokki II fyrir veitingahúsið Jón Forseta að Hliðsvegi 1, Álftanesi. Afgreiðslu frestað þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir.

### Garðabær

1.2.2 Skólabraut 6, Garðabær, samkomusalur, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 17.10.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksdeildar Stjórnunnar kt. 460180-0159, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir herrakvöld Stjórnunnar sem haldið verður í Fjölbrautarskóla Garðabæjar, dags 21.10.2011 frá kl. 19:00-00:00 fyrir 150 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

### Hafnarfjörður

1.2.3 Dalshraun 13, Hafnarfjörður, veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 19.10.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn FoodCo hf, kt. 660302-2630, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki II að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Eftirfarandi samþykkt var gerð:  
“Heilbrigðisnefnd samþykkti 12.08.1998 starfsleyfi til rekstur veitingahúss skv. matvæla og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingahús.”

1.2.4 Flensborgarskóli Hafnarfjörður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 19.10.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Úlfars Daníelssonar, kt. 180859-3149, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skemmtun sem halda á í Flensborgarskóla, Hafnarfirði, þann 11.11.2011 frá kl. 22:00 til 03.00 fyrir 400 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.5 Linnestígur 1, Hafnarfjörður, veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 20.10.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Tilveru veitingahúss ehf., kt. 130380-5229, þar sem sótt er um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki III að Linnestíg 1, Hafnarfirði. Eftirfarandi samþykkt var gerð:  
“Heilbrigðisnefnd samþykkti 28.08.2006 starfsleyfi til rekstur veitingahúss skv. matvæla og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt III. flokki

reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingahús.”

#### 1.2.6 Tjarnarvellir 15, Hafnarfjörður, veitingaverslun, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 3.10.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þ.G. veitinga ehf, kt. 540205-1670, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingaverslun í flokki I að Tjarnarvöllum 15, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 26.09.2011 starfsleyfi til rekstur veitingaverslunar skv. matvæla og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingaverslun”

## Kópavogur

#### 1.2.7 Engihjalli 8, Kópavogur, veitingahús, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 13.10.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Xata ehf, kt. 461205-1190, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki II að Engihjalla 8, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 20.06.2011 starfsleyfi til rekstur veitingastaðar skv. matvæla og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingahús að lokinni úttekt.”

#### 1.2.8 Hagasmári 1, Kópavogur, veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 5.10.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Meira fjörs ehf, kt. 710311-1290, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir skemmtigarð í flokki II í Smáralind, Kópavogi

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 26.09.2011 starfsleyfi til rekstur barnagæslu, rekstri leiktækja og minniháttar veitingasölu skv. matvæla og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 1.2.9 Skálaheiði Kópavogur, íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 11.10.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Thai menningarfélags kt. 700611-0270, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir afmælishóf í íþróttahúsi HK Digranesi, Kópavogi. Dags 21.10.2011 frá kl. 18:00-00:00 fyrir 350 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

## 1.3 Tóbaksleyfi

#### 1.3.1 Garðatorg 1, Garðabæ –matvöruverslun GÓ

Lögð fram umsókn Víðis ehf kt. 450808-1050, dags. 11.10.2011, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í versluninni fyrirtækisins að Garðatorgi 1, Garðabæ.

Leyfisveiting staðfest.

## 2 Fjárhagsáætlun 2012

Fjárhagsáætlun og starfsáætlanir ársins 2012 ræddar. Heilbrigðisnefnd leggur til að tímagjald verði kr. 9.500 og gjaldskrár breytt í ljósi þess. Samþykkt að senda tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrár til afgreiðslu sveitarstjórna.

### **3 Hundahald. Úrskurður vegna stjórnsýslukæru**

Lagður fram úrskurður frá 26. september 2011 vegna hundsins Golíats þar sem fram kemur að frestað er réttaráhrifum ákvörðunar Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis um að krefjast þess að hundurinn Golíat nr. 5126 verði aflífaður.

### **4 Eftirlit með tóbakssölu. Úrskurður vegna stjórnsýslukæru**

Lagður fram úrskurður frá 26. september 2011 vegna kæru Dalsnestis ehf. gegn Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis þar sem fram kemur að staðfest er álagning á eftirlitsgjaldi á árinu 2011 að fjárhæð kr. 36.000 vegna tóbakssölu Dalsnestis ehf.

### **5 Skipulagsmál**

Lagt fram erindi skipulags- og byggingadeildar Kópavogsbæjar frá 3. október 2011 þar sem kynnt er tillaga að nýjum byggingareit að Vesturvör 12, Kópavogi þar sem gert er ráð fyrir gufukatli og spennistöð. Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

### **6 Kattasamþykkt fyrir Garðabæ**

Á fundi umhverfisnefndar Garðabæjar þann 18. október 2011 var óskað eftir samstarfi við heilbrigðisnefnd um að semja drög að samþykkt um kattahald fyrir Garðabæ. Heilbrigðisnefnd tekur jákvætt í málið og óskar umsagnar umhverfisnefndar um meðfylgjandi drög að tillögu.

### **7 Önnur mál**

#### **7.1 Smáskjálftar af völdum niðurdælingar**

Lagt fram erindi Orkustofnunar dags .20. október 2011 um áhrif á öryggi neysluvatnsöflunar vegna smáskjálfta af völdum niðurdælingar við Húsmúla við Hellisheiðarvirkjun. Með erindi heilbrigðiseftirlitsins frá 14. október 2011 var óskað álits stofnunarinnar á hvort skjálftar vegna niðurdælinga við Húsmúlann geti haft áhrif á eignir og daglegt líf íbúa á höfuðborgarsvæðinu og hvort þeir geti haft áhrif á öryggi neysluvatnsöflunar. Erindi Orkustofnunar fylgdi minnisblað dags. 16. október 2011 um smáskjálfta af völdum niðurdælingar við Húsmúla við Hellisheiðarvirkjun.

Niðurstaða Orkustofnunar er að sérfræðingar á þessu sviði geta sagt með nokkru öryggi að niðurdæling auki ekki líkur á því að stærri jarðskálftar en þeir, sem verða án niðurdælingar, geti myndast á svæðinu. Hins vegar gæti staðbundnar tilfærslur á spennu haft áhrif í þá átt að flýta stærri skjálftum sem eru í aðsigi. Varðandi neysluvatnsöflun bendir Orkustofnun á að jaðhitakerfið er undirþrýst og því myndi vökvi flæða tímabundið niður í jarðhitakerfið, en ekki öfugt, ef sprunga opnaðist þar á milli, en lokast fljótlega vegna útfellinga.

Í minnisblaðinu er ekki fjallað um mengunaráhrif á grunnvatn vegna neyðarlosunar skiljuvatns. Heilbrigðisnefnd óskar eftir að framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu taki þann þátt til frekari skoðunar.

#### **7.2 Haustfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi**

Lögð fram til kynningar dagsskrá haustfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi með Umhverfisstofnun, Matvælastofnun, Umhverfissráðuneyti og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem haldinn var í Reykjavík 19. og 20. október 2011.

#### **7.3 Endurvinnsla á álgjalli í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Ákvörðun um matsskyldu**

Lagður fram tölvupóstur Skipulagsstofnunar frá 6. október 2011 um ákvörðun um að endurvinnsla á álgjalli í Kapelluhrauni í Hafnarfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **7.4 Rafgeymar**

Lagt fram erindi Umhverfissráðuneytis frá 4. október 2011 þar sem óskað var umsagnar um drög að reglugerð um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og kynnt umsögn um drögin.

### **7.5 Fyrirspurn vegna umsóknar Hvamms ehf. um starfsleyfi til alifuglaræktar og starfsleyfisskilyrði**

Lagt fram erindi Helgu Loftsdóttur hdl. dags 20. október 2011 „Efni: Fyrirspurn vegna umsóknar Hvamms ehf. um starfsleyfi til alifuglaræktunar og um starfsleyfisskilyrði. Í ljósi þess að erindið er efnismikið og ítarlegt er samþykkt að fresta sendingu svars uns frekari upplýsingar liggja fyrir, m.a. hvað varðar fyrirliggjandi gögn sem og um skyldu nefndarinnar að lögum til þess að afla og veita umbeðnar upplýsingar.

### **7.6 Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðisnefnd**

Lagt fram tölvuskeyti Umhverfisstofnunar frá 21. október 2011 þar sem óskað er eftir tilnefndingu í vatnasvæðisnefnd á vatnasvæði 4 sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar um stjórn vatnamála.

Samþykkt að tilnefna Pál Stefánsson, heilbrigðisfulltrúa

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40

Guðmundur Sigurðsson

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Ó. Valdimarsson

Sunna Björg Helgadóttir

Gísli Gíslason

Ingibjörg Hauksdóttir

Steingrímur Steingrímsson